

### **30. fundur veitustjórnar haldinn þriðjudaginn 31. ágúst 2021 í ráðhúsinu á Flúðum og hófst hann kl. 15:00.**

Fundinn sátu: Aðalsteinn Þorgeirsson, formaður, sem setti fund og stjórnaði honum. Einnig sátu fundinn, Kolbrún Haraldsdóttir varamaður Sigurðar Sigurjónssonar, Elsa Ingjaldsdóttir, Bjarney Vignisdóttir, Jón Bjarnason, Hannibal Kjartansson, veitustjóri og Jón G. Valgeirsson, sveitarstjóri sem skráði fundargerð.

Gengið var til dagskrár:

**1. Rekstraruppgjör Hitaveitu Flúða.**

Lagt var fram uppgjör Hitaveitu Flúða vegna ársins 2021 eins og staðan er í lok ágúst. Jón og Hannibal fóru yfir helstu liði uppgjörins. Rekstur hitaveitunnar er í góðu jafnvægi.

**2. Stöðuyfirlit á rekstri vatnsveitu.**

Lagt var fram stöðuyfirlit úr bókhaldi Hrunamannahrepps um rekstur á vatnsveitu ársins 2021.

**3. Stöðuyfirlit á rekstri fráveitu.**

Lagt var fram stöðuyfirlit úr bókhaldi Hrunamannahrepps um rekstur á fráveitu ársins 2021.

**4. Rekstraruppgjör Hrunaljóss.**

Lagt var fram uppgjör Hrunaljóss vegna ársins 2021 eins og staðan er í lok ágúst. Jón og Hannibal fóru yfir helstu liði uppgjörins. Reksturinn er í samræmi við væntingar.

**5. Hitaveita Grafarhverfis ehf.**

Lagðar voru fram til kynningar aðalfundargerð Hitaveitu Grafarhverfis ehf og ársreikning fyrir árið 2020.

**6. Flúðaorka ehf.**

Lagðar voru fram til kynningar aðalfundargerð Flúðaorku ehf og ársreikningur fyrir árið 2020.

**7. Samningur við Fjölskyldubúið í Gunnbjarnarholti vegna vatnsveitu.**

Lögð fram drög að samningi milli Hrunamannahrepps og Fjölskyldubúsins í Gunnbjarnarholti vegna lagningu á kaldavatnsveitu úr vatnsveitu Hrunamannahrepps. Veitustjórn samþykkir samninginn og felur sveitarstjóra að undirrita hann.

Fleira ekki tekið fyrir.

Fundi slitið kl. 16:25.